

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. og 22. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, og öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Eigi síðar en 31. desember 1997 skulu váttryggingaskyldir endurskoðendur afhenda fjármálaráðuneytinu staðfestingu um að þeir hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

*Fjármálaráðuneytinu, 5. desember 1997.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

---

*Ragnheiður Snorradóttir.*

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann nr. 73 31. janúar 1990, sbr. breytingu nr. 498 11. september 1995.**

Skólanefnd sjálfseignarstofnunarinnar Samvinnuháskólinn hefur samkvæmt heimild í 10. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskránni:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Markmið Samvinnuháskólans er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag sem fagháskóli með því að veita framúrskarandi fræðslu á sviði viðskipta og rekstrar. Þá skulu við háskólann fara fram rannsóknir á íslensku atvinnu- og viðskiptalífi er m.a. beinist að mismunandi rekstrarformum, lýðræði í atvinnulífi og atvinnurekstri, viðskiptasiðferði og umhverfismálum.

Við þjálfun og fræðslu skal Samvinnuháskólinn leggja sérstaka áherslu á raunhæf verkefni, tengsl við atvinnulífið, alþjóðleika, upplýsingatækni, samvinnu, hópstarf, samskipti og samskiptafræðslu, skapandi og gagnrýna hugsun. Samvinnuháskólinn skal jafnframt þjálfa nemendur með tilliti til frumkvæðis, aðlögunarhæfni og sveigjanleika, vinnu, ákvarðanatöku og forystu í hópum.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Samvinnuháskólinn staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. nóvember 1997.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*